

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Innflutningsbannið var tilkynnt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34/EB um reglur um tilhögun upplýsinga-skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 15. desember 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. nóvember 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 2002 til og með 31. desember 2002, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 15. nóvember 2002 til og með 30. apríl 2003, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2002.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.